



Borðbúnaður úr stáli, 1957.

Herbergi 606 í Konunglega hótelinu í Kaupmannahöfn hefur verið haldið nákvæmlega eins og Arne Jacobsen hannaði það og í þeim litum sem hann valdi. Stólarnir lengst til hægri, sem fengu nafnið Dropinn, voru aldrei fjöldaframleiddir og eru því mjög fágætir.

„AMMA ÁTTI EINMITT SVONA STÓL“

AÐDÁENDUR fagurarrar og nýtsamlegrar hönnunar eiga von á góðum glaðningi því sýning á munum Arne Jacobsen, eins merkasta arkitekts 20. aldarinnar, verður opnuð í dag í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Í ár er aldarafmælis Arne Jacobsen minnst og af því tilefni hefur verið efnt til stórsýninga á hönnun hans víða um heim og nú síðast nýlega í Louisiana-safninu í Danmörku. Þetta er fyrsta yfirgrípsmikla sýningin sem haldin er á hönnunarverkum Arne á Íslandi. Þá verða sýndar áður óbirtar myndir og skissur eftir hann og einnig ljósmyndir af tveimur frægum Íslendingum í stólum eftir hann. Á sýningartímabilinu mun Carsten Thau, prófessor við Konunglegu dönsku listaakademíuna, koma hingað til lands og halda fyrirlestur um Arne. Carsten Thau skrifaði ásamt Kjeld Vindum yfirgrípsmestu bók sem gefin hefur verið úr um Arne. Bókin var gefin út á síðasta ári og er rúmar 500 síður af fróðleik og myndum um ævi og störf meistarans.

Tinna Gunnarsdóttir hönnuður hefur haft veg og vanda af uppsetningu sýningarinnar fyrir Listasafn Reykjavíkur.

„Það sem við sýnum hér eru húsgögnin hans, borðbúnaður, ljós, áklæði og textíl og ýmsir minni hlutir eins og blöndunartæki. Þetta eru meira og minna allt hlutir sem eru enn í framleiðslu. Stólar Arne Jacobsens, eins og Sjöan, Maurinn, Eggíð og Svanurinn, eru þekkt tákni í vestrænum menningarheimi og eru mjög víða, til dæmis á söfnum og í fyrirlestursölum. Sýningin okkar á að varpa ljósi á þessa hluti. Arne Jacobsen var líka

mjög virtur arkitekt, en við sýnum ekkert frá þeirri hlið hans. Við verðum með stóru bókina um hann, sem gefin var út á síðasta ári og fólk getur flett henni og skoðað og séð þá líka myndir af byggingunum hans, auk allra hönnunarmunanna.“

Tinna telur að áhrifa Arne Jacobsen og samtímamanna hans hafi áreiðanlega gætt hér á landi. „Áhrifa þeirra hlýtur að hafa gætt hér, því margir þekkja til dæmis húsgögn hans og hafa alist upp með þeim. Meðan við höfum verið að setja upp sýninguna hefur fólk komið og sagt: Já, amma átti einmitt svona stól, eða eitthvað álíka, þannig að óhjákvæmilega hljóta áhrifin að hafa smogið inn. Ég veit hins vegar ekki hvort Arne Jacobsen hefur beinlínis átt einhverja lærisveina hér í íslenskri hönnun, en hann hefur auðvitað átt þátt í að skapa móðernísk hugtök sem hafa haft mikil áhrif um alla Evrópu. Húsgögn hans hafa þekkt lengi, en það kom tímabil þar sem þeim var ekki hampað neitt sérstaklega, en fyrir tíu árum eða svo komu þau mjög sterkt inn aftur. Ég var í námi í Bretlandi þegar Sjöan fór að koma á markað í skærum og poppuðum litum; maður sá stólinn í búðum, og annað hvert *Bo Bedre* blað var fullt af þessum stól.“

Listasafn Reykjavíkur, danska sendiráðið á Íslandi, Epal og erlendir framleiðendur á hönnun Arne Jacobsen hafa unnið saman að sýningunni. Í tilefni af aldarafmæli arkitektsins munu listasafnið og hönnunarframleiðendur Arne Jacobsen muna bjóða gestum Kjarvalsstaða að taka þátt í spurningaleik þar sem til mikils er að vinna, en þeir sem dregnir verða út hreppa listmun eftir Arne. Dregið verður úr réttum svörum á sýningartímabilinu.



Eggíð og Svanurinn frá 1958.



Sjöan frá 1955. Framleidd fyrst í birki, tekki, svörtu og hvítu, en seinna í ótal skærum litum.